

Verkfræðistofan Verkís
Þórhildur Guðmundsdóttir
Ofanleiti 2
103 Reykjavík



Reykjavík 26. október 2016
UST201607-007/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Skýringar við umsögn.


Við er til erindis Verkfræðistofunnar Verkíss dags. 25. október sl. þar sem óskað er útskýringa á orðalagi í umsögn Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða virkjun í Hvalá í Ófeigsfirði.


Í umræddri umsögn um frummatsskýrslu dags. 15. ágúst 2016 kemur fram að Umhverfisstofnun telur að virkjunin og tengdar framkvæmdir geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun á hér við Hvalárvirkjun og háspennulínu yfir Glámuhálendið niður í Ísafjarðardjúp. Í frummatsskýrslu var fjallað um mögulega lagningu jarðstrengs frá virkjuninni um hálendið niður í Ísafjarðardjúp. Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um jarðstreng í frummatsskýrslu hafi ekki verið eins ítarleg og um ýmsa aðra þætti framkvæmdarinnar. Ekki var fjallað um ákveðna strengleið, heldur um svæði þar sem mögulegt væri að leggja jarðstreng. Þessu tengd er einnig óvissa um umfang strenglagnar, þ.e. hvort unnt verður að leggja strenginn í laus jarðlög og almennt um verklag við strenglögna.

Umhverfisstofnun telur að ef unnt verður að leggja jarðstreng frá Hvalárvirkjun þannig að strengleið og slóð falli vel að landi megi draga verulega úr þeim sjónrænu áhrifum sem lagning háspennulínu mun hafa í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun